

Ársskýrsla Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands – 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Almennar upplýsingar	1
Fjármál	2
Áskriftir og innkaup.....	2
Kennsla.....	4
Erlent samstarf.....	4
Starfsmannamál.....	5
Húsnæði og tækjakostur.....	5
Viðaukar.....	6

Inngangur

Landspítalinn hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skildi tillögur um framtíðarskipan bókasafnsþjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns um annars vegar að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabil í Eirbergi (Hjúkrunarskólanum), rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Samskonar samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi ársins 1994.

Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar loks var undirritaður formlegur samningur á milli rektors Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er staðsett í Eirbergi. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450.

Póstfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins heitir [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Fjármál

Á árinu 2015 varði Heilbrigðisvísindabókasafnið 107 milljónum króna í rekstur, þar af fóru 104,7 milljónir króna í kaup á tímaritum og öðrum rafrænum gögnum.

Launakostnaður vegna 5 starfsmanna í 4,8 stöðugildum nam um 49 milljónum króna á árinu.

Halli var á rekstri bókasafnsins sem nemur 4,4 milljónum króna miðað við fjárveitingar og sértekjur ársins.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um árabíl gert samninga við stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Á árinu 2015 voru í gildi 14 samningar við aðrar stofnanir á heilbrigðissviði. Greiðslur vegna þeirra námu 4. 993.750 krónum. Í árslok 2015 kom í ljós að einungis átta höfðu hug á að endurnýja samninginn.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Einn nýr gagnagrunnur var tekinn í áskrift í ársbyrjun 2015, Ackland's Anatomy.

Þá tókust samningar seint á árinu 2015 við Wolters Kluwer um bættan aðgang að UpToDate. Sá aðgangur, UpToDate Anywhere, býður upp á aðgang að gagnagrunninum í snjalltækjum sem og í hefðbundnum tölvum. Samningurinn gildir út árið 2020.

Á árinu var, vegna hagstæðari kjara, undirritaður þriggja ára samningur við Elsevier vegna gagnasafnsins Scopus. Samningurinn gildir út árið 2018.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Einungis ein rafbók bættist í safneignina á árinu, Handbook of Palliative Care. Áskrift að einni bók, Goodman and Gilman's The Pharmacological Basis of Therapeutics, var sagt upp á árinu.

Bókasafnið á eða hefur í áskrift u.þ.b. 400 rafbækur. Stærsti hlutinn er bækur í eigu safnsins en þær eru mjög margar orðnar full gamlar.

Rafbækur má nálgast á þessari slóð: <http://bokasafn.lsh.is/thjonustur/upplýsingabrunnur-bokasafnsins/?type=4>

Bækur, prentaðar

Á árinu 2015 voru keyptar 13 prentaðar bækur. Titlalisti fylgir í viðauka.

Tímarit

Fjöldi tímarita í áskrift bókasafnsins í árslok 2015 var 533 titlar. Það er fyrir utan tímarit í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi. Allar áskriftir bókasafnsins eru rafrænar og einungis þrjú titlar berast jafnframt í prenti.

Tveimur tímaritaáskriftum var sagt upp á árinu vegna lítillar notkunar:

Journal of histotechnology 0147-8885

Journal of neuropsychiatry and clinical neurosciences 0895-0172

Þremur áskriftum var bætt við:

Journal of Antimicrobial Chemotherapy 0305-7453

Practical Radiation Oncology 1879-8500

JAMA oncology 2374-2437

Miklar verðhækkningar voru í áskriftartilboðum á milli ára og var allra leiða leitað til að lækka kostnað. Samningaviðræður við útgefendur haustið 2015 tóku þar af leiðandi langan tíma og voru erfiðar. Í þó nokkrum tilfellum tókst þó að fá lægri verðtilboð. Eins og fyrri ár hefur safnið notað birgi til að útvega einstaka tímaritatitla frá ýmsum útgefendum. Í sumum tilfellum var tilboð birgis óásættanlegt og voru 19 tímarit tekin út úr þeim pakka og gerðir hagstæðari samningar beint við útgefendur um einstaka titla. Þá hefur safnið um langt árabíl gert beina samninga við einstaka útgefendur um pakkaáskriftir sem innihalda talsverðan fjölda tímarita hver um sig. Í þeim hópi má nefna Nature/Macmillan, LWW, Science Direct og Wiley.

Á hverju ári er alltaf eitthvað um að tímarit flytjist á milli útgefenda. Þá gerist það einnig að tímarit færast inn í eða eru tekin út úr Landsaðgangssamningum og þarf að fylgjast mjög náið með því. Má sem dæmi nefna að tvö af þremur áskriftartímaritum safnsins hjá Sage fluttust inn í Landsaðgang um síðustu áramót svo nú er aðeins eitt tímarit keypt sérstaklega frá Sage.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindabókasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum. Greiðsluhluti bókasafnsins árið 2015 var 20.446.844 krónur.

EBM hluti gagnasafnsáskrifta hjá OVID/Wolters Kluwer er greiddur sameiginlega af Heilbrigðisvísindabókasafninu, Landlæknisembættinu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri.

Kennsla

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda reglulega námskeið fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Námskeiðin fyrir háskólanemana eru oftast hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Bæði eru kenndar leitir í gagnasöfnum svo og notkun heimildarskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir sérstaklega í hvorum hluta fyrir sig. Auk skipulagðrar kennslu sækja nemendur og starfsfólk frekari leiðsögn og aðstoð til bókasafnsfræðinga á safninu. Margir viðskiptavina safnsins eru hvoru tveggja í senn, starfsmenn og nemendur í æðra námi á heilbrigðisvísindasviði HÍ.

Tólf námskeið voru haldin fyrir starfsfólk LSH á árinu og sóttu þau 85 starfsmenn.

Alls voru kenndar 114 kennslustundir fyrir deildir á Heilbrigðisvísindasviði HÍ á árinu 2015. Fjöldi háskólanema á námskeiðunum á árinu var 727.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Erlent samstarf

Starfsmaður bókasafnsins, Sólveig Þorsteinsdóttir er fulltrúi Íslands í Evrópuverkefninu OpenAIRE2020, en tilgangur þess er að vinna að framgangi opins aðgangs (Open Access) að vísindagreinum og vísindagögnum og varanlegri varðveislu þeirra. Upphaflega verkefnið, OpenAIRE Project hófst 2009 og hefur Landspítali tekið þátt frá 2011. Núverandi verkefni, sem hófst í janúar 2015 stendur í þrjú og hálf ár og líkur um mitt ár 2018. Fulltrúi Landspítala er einn af 50 fulltrúum frá ESB og EES löndum sem taka þátt í verkefninu. Í hverju landi er s.k. NOAD, National Open Access Desk, og verkefni þeirra er að sinna upplýsinga- og fræðsluskyldu fyrir vísindasamfélagið í sínu landi. Sólveig starfar sem NOAD á Íslandi. Hlutverk NOAD er m.a. að sjá til þess að allar útgefna vísindagreinar sem notið hafa styrks frá ESB/ERC séu birtar í opnum aðgangi eða lokahandrit vistað í viðurkenndu varðveislusafni. Allar greinar á sviði heilbrigðisvísinda eru vistaðar í Hirslu, varðveislusafni LSH, sem uppfyllir kröfur OpenAIRE. Þar eru nú um 5000 vísindagreinar, birtar frá og með 2006. Þá aðstoðar NOAD vísindafólk við að birta vísindagreinar og vísindagögn í opnum aðgangi. Samstarf NOAD fulltrúanna fer fram á fundum erlendis og á veffundum. Á árinu 2015 voru þrjú fundir erlendis og 10 samráðsfundir með norrænum NOAD fulltrúum á Skype. Starfsemi NOAD er fjármögnuð af verkefninu.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna hér: <https://www.openaire.eu/project-factsheets>

Hliðarverkefni OpenAIRE2020 er Pasteur4OA, sem átti að hvetja til þess að stefna um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum sem kostaðar eru af opinberu fé yrði sett sem víðast um Evrópu og þá í sem mestu samræmi við Horizon2020 stefnuna. Verkefnið hófst í desember 2014 og því lýkur í maí 2016. Verkefnið var svæðaskipt, vegna mismunandi aðstæðna í Evrópu, og voru norrænu löndin saman í hópi. Fulltrúi í Pasteur4OA hefur verið Anna Sigríður Guðnadóttir og fundaði hún einu sinni á árinu með norrænum fulltrúum. Engir fjármunir til safnsins fylgdu því verkefni. Aðalverkefni þessa hóps var að

skipuleggja málþing fyrir ráðafólk í stærstu rannsóknarsjóðum og háskólum Norðurlanda í samstarfi við Nordforsk. Því málþingi var frestað fram á árið 2016.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna hér: <http://www.pasteur4oa.eu/project#.VtV0-PmLTcs>

Báðir ofangreindir starfsmenn komu að skipulagningu málþingsins „*Opin vísindi. Hvað verður um rannsóknargögnin þín?*” sem haldið var að frumkvæði bókasafns Landspítala í samstarfi við Landsbókasafn-Háskólabókasafn. Málþingið, sem haldið var 11. október 2015, heppnaðist vel og var vel sótt. Fyrirlesarar voru íslenskir vísindamenn og einn gestafyrirlesari frá Edinborgarháskóla. Nýkjörinn Háskólarektor lokaði málþinginu.

Starfsmannamál

Líkt og undanfarin ár eru starfsmenn safnsins fimm talsins í 4,8 stöðugildum. Bókasafns- og upplýsingafræðingar eru fjórir og einn bókmenntafræðingur. Starfsmenn árið 2015 voru Anna Sigríður Guðnadóttir, Fanney Kristbjarnardóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Sigurbjörn Svanbergsson og Sólveig Þorsteinsdóttir.

Einn starfsmaður hefur unnið heima á árinu vegna heilsufarsástæðna er tengjast ástandi húsnæðisins, sem nánar er farið yfir í húsnæðiskafla skýrslunnar.

Húsnæði og tækjakostur

Bókasafnið er staðsett í Eirbergi, þar sem það hefur verið til húsa síðan 1986. Eftir skipulagsbreytingar á Landspítala í ársbyrjun 2013, þegar bókasafnið varð hluti vísindadeildar spítalans, fluttu starfsmenn safnsins sína starfsaðstöðu fremst á ganginn sem Vísindadeild hefur nú að hluta til umráða.

Á vormánuðum ársins 2015 uppgötvaðist skæður myglusveppur í húsnæðinu, einkum í suðurhluta þar sem eldhús/kaffistofa og fundaraðstaða voru á fyrstu hæð og ljósmyndastúdíó og kennslustofa búin 10 tölum í kjallaranum. Þó ástandið væri verst í suðurenda var kjallaranum öllum lokað og þar með misstu stúdentar hópinnuáðstöðu í tveimur rýmum sem þeir höfðu nýtt mjög vel. Þá er prentaður safnkostur í kjallaranum, bækur og tímarit, óaðgengilegur fyrir safngesti. Eldhúsinu/kaffistofunni hefur ekki verið lokað þar sem engin önnur aðstaða er fyrir starfsfólk til að ná í vatn, hita kaffi eða geyma mat í ísskáp. Starfsmenn vísindadeildar nýta fundarherbergi á miðjum gangi sem mataraðstöðu meðan ekki er óhætt að dvelja í kaffistofunni í suðurenda.

Á safninu eru tvær tölur sem safngestir geta nýtt sér en báðar eru þær komnar langt fram yfir þann endingatíma sem miðað hefur verið við og finnst það greinilega við notkun. Þá er ein tölva og skjávarpi í fundarherbergi á miðjum gangi (núverandi kaffistofa) en sú tölva er einnig komin nokkuð til ára sinna og vantar m.a. í hana hljóðkort. Þráðlaust gestanet spítalans næst á hluta fyrstu hæðar en ekki í kjallara. Þráðlaust net HÍ næst vel í húsnæði safnsins.

Viðaukar

Prentaðar bækur keyptar 2015

Routhledge handbook on the global history of nursing/ Ed. Patricia D'Antonio et al (2013)

Presenting medical statistics from proposal to publication: a step-by-step guide/ Peacock J, Kerry S (2007)

Biometry: the principles and practice of statistics in biological research/ Sokal R. R. et al (2012)

Experimental design and data analysis for biologists/ Quinn, G.P. (2002)

Study guide for critical thinking tactics for nurses: achieving the IOM competencies/ Rubenfeld M.G. (2015)

Critical thinking tactics for nurses: achieving the IOM competencies/ Rubenfeld M.G. (2014)

Clinical cases - medical-surgical nursing case studies/Bothe J (2014)

Clinical simulation: operations, engineering, and management/ Kyle R. R. et al (2008)

The comprehensive textbook of healthcare simulation/Ed. Levine A.I. (2013)

A practical guide for medical teachers/Ed. Dent J.A. et al (2013)

Critical Spirituality: A Holistic Approach to Contemporary Practice/ Gardner F. (2011)

Handbók í lyflæknisfræði 4. útg. Endursk./Ari Jóhannesson et al (2015)

Defining Excellence in Simulation Programs/Palaganas J.C. (2014)

Starfsemissupplýsingar

Lykiltölur	2015	2014
Afgreiddar greinar úr safnkosti LSH		
Til starfsmanna LSH og HÍ	320	382
Til bókasafna - innlendra og erlendra	86	163
Samtals:	406	545
Aðfengnar greinar, bækur ofl. frá öðrum söfnum¹⁾		
	528	679
Fjöldi útlána á safnefni	353	311
Fjöldi keyptra prentaðra bóka	13	13
Fjöldi námskeiða og kynninga	12	27
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og kynningum	85	169
Kenndar stundir fyrir HÍ - heilbrigðisvísindasvið	114	75
Fjöldi háskólanema HÍ í kennslustundum	727	587
Hirsla heimsóknir	368.728	116.306
Lerki heimsóknir	60.425	68.625

1)erlend og innlend söfn

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ		
Notkun rafræns safnskots	Fjöldi jan.-des.	jan.-des.
	2015	2014
Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	1.003	1.200
AMA	4.236	3.973
ASM	1.092	1.060
BMJ Journals	7.000	7.473
Breast Cancer Research	238	147
Cambridge University Press	404	469
Cell tímaritin	426	573
Ebsco Host	6.134	8.942
Elsevier	27.803	29.204
Ingenta	63	64
Internurse	124	192
J Urology	73	171
JAMA	2.044	2.216
Karger	1.801	1.515
Liebert	318	359
LWW	12.755	12.291
Nature Publishing Group	7.558	6.555
NEJM	9.369	9.573
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.131	540
Oxford university press	8.388	7.811

ProQuest - rafræn tímarit**	6.451	6.626
Sage publications	3.343	3.283
Springer	3.843	3.906
Taylor & Francis	1.731	854
Wiley	2.819	3.065
Wiley-Blackwell landsaðgangur	20.852	20.393
Samtals:	130.999	132.455
Gagnasöfn		
Best Practice (BMJ) Visits	358	
Cinahl (Ebscohost) leitir	17.402	18.976
Clinical Evidence (BMJ) leitir	129	308
EBM Reviews leitir	9.387	11.173
Global Health leitir	963	410
Nat.Med.Compr.Dat. (Page Views)	4.033	2.573
Ovid Medline leitir	7.052	6.734
PsychBooks leitir	1.002	527
PsycInfo leitir	4.455	4.235
Scopus-leitir	6.821	7.529
UpToDate - Topic Reviews	59.674	70.916
Samtals:	111.276	123.381
Rafbækur		
ACPMed og ACS Surg (Log in)	150	326
Books@Ovid -title requests	740	1.012
Dawsonera - title requests		18
Medicines Complete	7.448	3.348
MyiLibrary (heibrigðisvísindi) hits	Sagt upp	27
RedBook (section requests)	54	94